



Reykjavík, 10. september 2024
MSS24020128

Forsætisnefnd

Efni: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um aukna áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum

Á fundi skóla- og frístundaráði þann 26. ágúst 2024 1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. apríl 2024, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. ágúst 2024:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera nauðsynlegar breytingar til að grunnskólar leggi meiri áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum og þar með umfjöllun um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni frá og með hausti 2024.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að grunnskólar leggi meiri áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum og þar með umfjöllun um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni frá og með vorönn 2025.

Breytingartillagan var samþykkt.

Tillagan er samþykkt svo breytt.

Skóla- og frístundaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð tekur undir mikilvægi þess að nemendur fái að ræða um það sem hæst ber í samfélagslegri umræðu hverju sinni í samræmi við aðalnámskrá. Lagt er til að skólastjórnendur hvetji kennara til að taka til umfjöllunar málefni líðandi stundar og nýta þau fjölmörgu tækifæri sem gefast í skólastarfinu til að setja á dagskrá þau mál sem brenna á nemendum og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í umræðum, koma skoðunum sínum á framfæri og um leið efla hæfni þeirra í hlustun, rökræðum og gagnrýnni hugsun.

Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum lagði fram svohljóðandi bókun:



Reykjavík



Það er mjög jákvætt að nemendur láti sig málin varða og vilji hafa áhrif á nám sitt. Kennarar starfa eftir aðalnámskrá grunnskóla og ef hæfniviðmið við lok 10. bekkjar í samfélagsfræði eru skoðuð má sjá að í raun ætti það sem lagt er til í tillögunni nú þegar að vera gert í skólum borgarinnar. Faglegt sjálfstæði kennara er mikilvægt en það er öllum til hagsbóta að eiga uppbyggilegt samtál um fjölbreytta kennsluhætti og leiðir til úrbóta sem hvetja til aukins áhuga nemenda.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasvið



Reykjavík